



## Fundargerð

**426. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 8. nóvember 2018. Þetta er 11. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 6 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Bjarki Guðnason boðar forföll í hans stað er mættur Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

12. 1811010 Fullveldishátíð í Skaftárhreppi 1. desember 2018, Kirkjubæjarstofa, dags. 06.11.2018
13. 1811011 Fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2019, Stígamót, dags. 31.10.2018
14. 1811012 Verndun hella innan Skaftárhrepps, forsætisráðuneytið, dags. 02.11.2018
15. 1811013 Stuðningur til kaupa á Pannavelli, USVS, dags. 07.11.2018
16. 1706007 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Sigurðar Árnasonar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II á Snæbýli 1, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 19.10.2018.

### IV. Annað kynningarefni

5. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samráðsgátt til umsagnar, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, dags. 01.11.2018.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

*Sveitarstjóri og oddviti sátu Ársþing SASS í Hveragerði og ársfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dagana 18.-19. október sl. Sveitarstjóri sat fund með áhugahóp framkvæmda um uppbyggingu á ferðamannastöðum þar sem rætt var mögulegar umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Sveitarstjóri hefur setið fundi með undirbúningshópi vegna skipulagningar Fullveldishátíðar. Sveitarstjóri ásamt fulltríum Vatnajökulsþjóðgarð tóku á móti erlendum gestum vegna samstarfsverkefnisins BuSK, en verkefnið snýst um að miðla reynslu og þekkingu þátttökulandanna um hvernig er hægt að efla þátttöku heimamanna í skipulagi og ákvarðanatöku varðandi landnotkun í héraði. Sveitarstjóri og oddviti áttu fund með starfsmönnum þjóðgarðsins varðandi fyrirkomulag um útleigu Skaftárstofu. Skaftárhreppur tók þátt í Kvinnafriinu 24. október sl. Sveitarstjóri og oddviti fóru á íbúafund í Örfæjum vegna viðbragðsáætlunar um eldgos í Örfæjökli og berghlaups úr Svínafellsjökli. Sveitarstjóri átti fund með verkefnisstjóra almannavarnardeildar Suðurlands vegna lokabreytinga á viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla. Stefnt er á að viðbragðsáætlunin verði kynnt á íbúafundi í desember. Sveitarstjóri og oddviti hittu stýrihóp ASCENT verkefnisins sem er samstarfsverkefni Landgræðslunnar um uppbyggingu þekkingar í stígagerð í ólíku landslagi. Sveitarstjóri fór á fund í almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þar sem sveitarstjóri Rangárþings Ytra var kjörinn formaður og sveitarstjóri Skaftárhrepps varaformaður. Framundan er íbúafundur 17. nóvember þar sem farið verður yfir fjárhagsáætlun, stöðuna á lagningu ljósleiðara og nýja fjallskilasamþykkt. Sama dag er einnig áætlaður fundur vegna landaskipta Klausturjarðarinnar. Mál veiðifélags Grenlækjar og Geila ehf gegn íslenska ríkinu og Skaftárhreppi verður flutt í hæstarétti 12. nóvember nk. og mun sveitarstjóri mæta sem áheyrnaraðili.*

*Kog*  
*ABP*  
*JMK*



## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 141. fundar skipulagsnefndar, dags. 06.11.2018

#### 2. 1811001 Eystri-Ásar – stofnun lóðar.

Ríkiseignir óska eftir að stofnuð verði 9.300 m<sup>2</sup> lóð úr jörðinni Eystri-Ásum landnr. 163301. Lóðin er ætluð undir smáhýsi/gistirými, ásamt því að gamla íbúðarhúsið að Ásum stendur á lóðinni.

*Samþykkt í Skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 3. 1811002 Eystri-Ásar – stöðuleyfi.

Sótt er um stöðuleyfi fyrir eitt gistihús að Eystri-Ásum.

*Skipulagsnefnd samþykkir ekki veitingu leyfisins og bendir umsækjanda á að um byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 4. 170918 Sótt um framkvæmdaleyfi í landi Orustustaða.

Hreiðar Hermannsson sækir um framkvæmdarleyfi til endurbóta á vegslóða í landi Orustustaða og leyfi til efnistöku í landi Orustustaða en efnioð verður notað til að laga umræddan vegslóða sem liggur að Orustustöðum.

*Samþykkt í Skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 5. 1807004 Stóratofa 9.

Sótt er um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hrífunes þar sem leyfilegt er að stúka af svefnloft.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 6. 18110030 Fyrirspurn til Skipulagsnefndar frá Z listanum, Sól í Skaftárhreppi.

Z-listinn, Sól í Skaftárhreppi lýsir yfir áhyggjum vegna húsnæðismála á Kirkjubæjarklaustri.

- hver er staðan í landaskiptum Klausturjarðarinnar? Fundir málsaðila virðast óreglulegir og langt á milli þeirra, getur sveitarstjórn stuðlað að því að flýta ferlinu, t.d. með lögfræðiaðstoð?
- hafa allir aðrir möguleikar á að þetta byggðina norðan megin árinna verið fullreindir, s.s. það land sem er í eigu ríkis og/eða kirkjunnar?
- hversu miklu hærrí verður gatnagerðarkostnaður sveitarfélagsins við að byggja upp nýtt hverfi, ótengt fyrri þéttbýliskjarna, í samanburði við kostnað við að þetta núverandi byggð?

*Skipulagsnefnd þakkar erindið. Skipulagsnefnd hefur ekki haft beina aðkomu að landaskiptum Klausturjarðarinnar og bendir Z-listanum á að beina fyrirspurnum varðandi skiptin til sveitarstjórnar. Varðandi möguleika á þéttingu byggðar norðan megin árinna hefur það ekki verið skoðað til hlítar og fullástæða til að skoða það betur. Ekki er hins vegar um*



*framtíðarlausn að ræða heldur einstaka lóðir sem gætu leyst bráðavanda. Engar kostnaðargreiningar hafa verið gerðar á þessu stigi.*

*Formanni skipulagsnefndar falið að svara erindinu fyrir hönd skipulagsnefndar.*

*Meirihluti sveitarstjórnar þakkar erindið. Næsti fundur landaskipta verður haldinn 17. nóvember nk. Meirihluti sveitarstjórnar telur sig hafa gert það sem í sínu valdi stendur til að stuðla að því að landaskiptum ljúki sem fyrst. Landeigendur hafa leitað sameiginlega eftir löglærðri ráðgjöf í málinu. Ekki er hægt að segja til um hvenær skiptum verður formlega lokið á þessari stundu.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

2. 1809006 Fundargerð 29. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 23.10.2018

4. Viðkvæm svæði – viðkomustaðir ferðamanna

Ástand ýmissa áningarstaða í sveitarfélaginu eru illa farnir vegna átroðnings. Nefndin leggur til að ástand áningarstaða ferðamanna verði skráð og gerð verði framtíðaráform. Þungar áhyggjur nefndarinnar er af öryggi vegfarenda við Fossála vegna hættu sem skapast þar. Leggjum við til að sveitarstjórn sendi erindi þess efnis til viðkomandi ráðuneyta og Stjórnstöð ferðamála.

*Sveitarstjórn vísar vinnu vegna skráningar á ástandi áningarstaða til vinnu við endurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur nefndarinnar vegna öryggis vegfarenda við Fossála og felur sveitarstjóra og oddvita að taka málið upp á væntanlegum fundi með Vegamálastjóra.*

5. Hefting leirfoks í landi Ár.

Umhverfisnefnd leggur til að Skaftárhreppur feli Landgræðslu Ríkisins að vinna að uppgræðslu í Eldhrauni í landi Ár til að hefta leirfok sem þar er. Sveitarstjóra falið að ræða málið við Landgræðsluna.

6. Önnur mál

Umhverfisnefnd ýtrekar ósk um gám fyrir plast á gá mavöllinn. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1810011 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Steinkápu ehf. um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frístundahús í Hemrumörk, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 10.09.2018.

*Um er að ræða lagfærða umsókn frá síðustu afgreiðslu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*

2. 1811004 Beiðni um umsögn vegna umsókna Lauren ehf. um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II fyrir Klausturhof og til sölu veitinga í flokki II kaffihús fyrir Kaffi Munka, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 31.10.2018.

*JMB* *Boof* *veg*



*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfanna fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*

3. 1811005 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Size ehf. um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II í Hrífunesi, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags.05.11.2018.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfanna fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
4. 1811006 Drög að reglum um skólaakstur  
*Sveitarstjóri leggur fram endurbættar reglur um skólaakstur í samræmi við afgreiðslu 420. Fundar sveitarstjórnar frá 15. maí 2018. Fræðslunefnd samþykkti reglurnar fyrir sitt leyti á 156. fundi sínum þann 9. maí 2018. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.*
5. 1811007 Tilboð í verðkönnun í váttryggingar, Consello ehf., dags. 01.11.2018  
*Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tilboð vegna verðkönnunar í váttryggingar sveitarfélagsins að upphæð 558 þús.kr. sem tekið verður af lið 2140-4990. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.*
6. 1811008 Umsókn um styrk til verkefna Kirkjubæjarstofu 2019, Kirkjubæjarstofa, dags. 08.10.2018  
*Sveitarstjórn þakkar erindið. Erindinu er vísað í vinnu fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2019-2022.*
7. 1811009 Umsókn um fjárstyrk vegna æskulýðsstarfs, Stjórn og fræðslunefnd Hestamannafélagsins Kóps, dags. 26.10.2018.  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og framlag hestamannafélagsins til æskulýðsmála í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn samþykkir að veita hestamannafélaginu styrk að upphæð 250 þús.kr til áframhaldandi æskulýðsstarfs. Fært af lið 2140-9191.*
8. 1710010 Tillaga að viðauka 4 við fjárhagsáætlun 2018  
*Sveitarstjóri leggur fram tillögu að viðauka 4 við fjárhagsáætlun um að greidd verði lán frá Íbúðalánasjóði með veði í Skaftárvelli 1 og 1a að upphæð 37,8 millj. Rekstur félagslegu íbúðanna er viðkvæmur og myndi það styrkja stöðu þeirra ef áhvilandi lán yrðu greidd niður. Þar sem nú er ljóst að ekki verður farið í allar þær fjárfestingar sem gert var ráð fyrir árið 2018 er gott svigrúm til að greiða niður lán. Lánin yrðu greidd upp með handbæru fé.*  
  
*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.*
9. 1603015 Tilnefning fulltrúa í verkefnisstjórn um þekkingarsetur í Kirkjubæjarskóla  
*Sveitarstjórn tilnefnir skólastjóra Kirkjubæjarskóla, skólastjóra leikskólans, tónlistarskólastjóra, formann fræðslunefndar, skipulags- og byggingarfulltrúa, sveitarstjóra, oddvita og forstöðumann Kirkjubæjarstofu.*
10. 1807016 Endurskoðun aðalskipulags – tilnefning í stýrihóp  
*Sveitarstjórn frestar tilnefningunni að sinni.*
11. 1710010 Rekstraryfirlit 10 mánaða staða  
*Sveitarstjóri fer yfir rekstur sveitarfélagsins miðað við 10 mánaða stöðu. Reksturinn er á áætlun.*



12. 1811010 Fullveldishátíð í Skaftárhreppi 1. desember 2018, Kirkjubæjarstofa, dags. 06.11.2018  
*Sveitarstjórn þakkar frumkvæðið við skipulagningu hátíðarinnar og samþykkir að leggja allt að 350 þús.kr. sem verður tekið af lið 2140-4990.*
13. 1811011 Fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2019, Stígamót, dags.31.10.2018  
*Sveitarstjórn þakkar erindið en getur ekki stutt við samtökin að þessu sinni.*
14. 1811012 Verndun hella innan Skaftárhrepps, forsætisráðuneytið, dags. 02.11.2018  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og tekur undir nauðsyn þess að vernda hellana. Sveitarstjóra falið að fá nánari upplýsingar um framhaldið.*
15. 1811013 Stuðningur til kaupa á Pannavelli, USVS, dags. 07.11.2018  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar því að komið verði upp frekari affþreyingu á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir að veita 150 þús kr. styrk til kaupa á Pannavelli. Tekið af lið 0601-9991.*
16. 1706007 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Sigurðar Árnasonar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II á Snæbýli 1, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 19.10.2018.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*

### III. Fundargerðir til kynningar

1. 1809005 Fundargerð 82. fundar menningarmálanefndar, dags. 01.10.2018. *Fundargerð kynnt.*
2. 1809005 Fundargerð 83. fundar menningarmálanefndar, dags. 17.09.2018. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 191. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 31.10.2018. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð verkefnisstjórnar Skaftárhrepps til framtíðar, dags. 04.10.2018. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð fundar áhugafólks um framkvæmdir á ferðamannastöðum, dags. 22.10.2018. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð 34. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 16.10.2018. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð vegna fundar um Skaftárstofu, dags. 24.10.2018. *Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni

1. 1809001 Tjón vegna ofviðris í Norðurhjáleigu í Skaftárhreppi, afrit af erindi Fjármála- og efnahagsráðuneytingu til NTÍ, dags.08.10.2018. *Kynnt.*
2. 1809001 Óskuldbindandi mat á fjártjóni vegna skemmda sökum skýstróka í Álftaveri í ágúst, afrit af erindi Gísla Tryggvasonar lögmanns fh. ábúenda í Norðurhjáleigu til Bjargráðasjóðs, NTÍ og VÍS, dags. 16.10.2018. *Kynnt.*
3. Tjón vegna skýstróks í Norðurhjáleigu, Álftaveri í Skaftárhreppi, NTÍ, dags.26.10.2018. *Kynnt.*
4. Niðurstöður heilbrigðiseftirlits Suðurlands á úttekt á Kirkjubæjarskóla, Kærabæ og íþróttamiðstöðvarinnar. *Kynnt.*
5. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samráðsgátt til umsagnar, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, dags. 01.11.2018. *Kynnt.*



Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 13. desember  
Fundi slitið kl. 15:25

  
Eya Björk Harðardóttir

  
Katrín Gunnarsdóttir

  
Arndís Harðardóttir

  
Jón Hrafn Karlsson

  
Heiða Guðný Asgeirsdóttir